

434. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga. 27. mars 2019, kl. 13:00 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Mættir voru: Ása Þórhildur Þórðardóttir, formaður, Arnar Freyr Einarsson, ANR Hrafn Hlynsson, FJR, Guðrún Tryggvadóttir, BÍ, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda og Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda. Þá sátu fundinn Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri búnaðarstofu Matvælastofnunar, sem áheyrnarfulltrúar

1. Erindi RML varðandi kvíguskoðanir
Formaður greindi frá erindi RML varðandi ráðstöfun 3% árlegra framlaga til kynbótastarfs þar sem óskað er eftir að framkvæmdanefnd búvörusamninga nýti heimild á árinu 2019 til að mæta kostnaði við sameiginleg verkefni í kynbótastarfi. Framkvæmdastjóri BÍ mæti eindregið með því að erindið yrði samþykkt, líkt og hefur verið fyrri ár. Engar athugasemdir. Erindi samþykkt.
2. Skýrsla búnaðarstofu um framkvæmd búvörusamninga árið 2018.
Framkvæmdastjóri búnaðarstofu Matvælastofnunar fór yfir drög að skýrslu búnaðarstofu um framkvæmd búvörusamninga. Skýrslan verður gefin út af Matvælastofnun, sem hluti af ársskýrslu stofnunarinnar.
Framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda gerði athugasemd við að Orkustofnun hefði áætlað umsýslukostnað vegna umsýslu með niðurgreiðslum vegna gróðurhúsálýsingar. Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands tók undir með framkvæmdastjóra Sambands garðyrkjubænda. Fram kom að rétt væri að horfa til þess að skoða skipulag við niðurgreiðslur vegna gróðurhúsálýsingar við endurskoðun á samningi um starfsskilyrði garðyrkjuframleiðenda með þeirri áherslu að skipulag yrði einfalt og skilvirkt. Formaður tók fram að um áætlun væri að ræða frá Orkustofnun. Umsýslukostnaður hefði ekki verið samþykktur af hálfu ráðuneytisins.
Nefndarmenn óskuðu eftir að fá skýrsluna þegar hún liggur fyrir á rafrænu formi. Framkvæmdastjóri búnaðarstofu mun senda skýrsluna þegar hún liggur fyrir.
3. Drög að fundadagskrá framkvæmdanefndar fyrir 2019 kynnt. Lagðir til fimm fundir á árinu. Tillaga samþykkt. Formaður mun senda fundarboð.
4. Önnur mál.
 - a) Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda lagði fram minnisblað. Vísað til 6. liðar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar, framleiðslujafnvægi.

Minnisblað og tillaga lagt fram til kynningar. Verður tekið til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar 8. maí nk.

- b) Í búvörusamningum og reglugerðum er kveðið á um ákveðna gagnasöfnun á vegum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands hvetur ráðuneytið til að vinna áfram að gagnasöfnun og hrinda ákvæðum í framkvæmd. Undir það var tekið á fundinum og gott að safna öllum gögnum á einn stað. Framkvæmdanefnd gæti afmarkað umfang verksins, áherslur og mælikvarða. Nú þegar er safnað gögnum á vegum Hagstofunnar og á vegum búnaðarstofu Matvælastofnunar. Kanna mætti hvort unnt væri að nálgast gögn hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Formaður Bændasamtaka Íslands tók undir þetta og sagði að það væri mikilvægt fyrir alla að sátt ríki um þessi mál.

Ekki fleira bókað

Fundi slitið 14:30